Boð til að taka þátt í Nordic CRAFT

CRAFT - Creating Really Advanced Future Thinkers

Hefur þú og þínir nemendur áhuga á að prófa nýja, skemmtilega og spennandi námsaðferð? Þá er þessi veffundur fyrir ykkur!

Milli kl. 11-13:30 þann 29. nóvember getið þið (kennarar í 6.-8. bekk) tekið þátt í veffundi með öðrum bekk frá Norðurlöndunum þar sem þið hannið og skipuleggið samstarfsverkefni. Í sameiningu munuð þið finna, með nýstárlegri og skapandi hugsun og með aðstoð upplýsingatækni, lausnir á raunverulegum vandamálum sem tengjast sjálfbærni.

Hvernig fer fundurinn fram?
Allt að 48 verkefnum verður úthlutað til Danmerkur, Finnlands, Noregs, Svíþjóðar, Íslands, Færeyja, Grænlands og Álandseyja en nemendur frá öllum þessum löndum munu taka þátt í veffundinum ásamt sérfræðingum frá Danmörku. Þátttakendur verða beðnir um að velja viðfangsefni til að vinna með *fyrir* veffundinn, *meðan* á honum stendur og *eftir* að honum lýkur. Gera má ráð fyrir að hámarki 2x45 mínútum í vinnu við verkefnið – auk tímans sem fer í veffundinn. Þegar fundinum lýkur munu þið skipuleggja verkefnið og aðlaga að markmiðum námsins.

Fyrir, meðan og eftir veffundinn

Fyrir fundinn þarf kennarinn að skrá sig inn á eTwinning.net sem er rafrænt samfélag skóla í Evrópu. Þvínæst þarf að velja bekk til að vinna með. Á vinnusvæði eTwinning, sem nefnist Twinspace, geturðu sett þig í samband við og kynnst öðrum kennurum, deilt efni o.s.frv. Vinnan við verkefnið mun fara fram á Twinspace.

Meðan: Fundurinn mun fara fram á ensku og verður bæði á netinu, þar sem verkefnin hefjast, og í raunheimi þar sem bekkirnir vinna sjálfstætt að verkefnum sem kennarinn aðstoðar með.

Foreldrar með sterka loftlags(ó)vitund:
Nýsköpun verkefnisins felst í því að nemendur koma með og vinna úr hugmyndum og lausnum tll að gera foreldra sína enn öflugri og snjallari í loftlagsmálum, t.d. með því að fá foreldra sína til að vera sjálfbærari, spara orku eða minnka plastnotkun.
Verkefnið Foreldrar með sterka loftlags(ó)vitund (d. Klima(u)smarte forældre) er unnið í samstarfi við Læringscenteret LIFE sem er hluti af Novo Nordisk Fonden

Eftir veffundinn skipuleggja þátttakendur, í samvinnu við samstarfsbekkinn, hvernig verkefnið verður unnið. eTwinning mun leiðbeina og styðja þátttakendur og allir munu fá úthlutað verkefni sem þeir geta unnið að frá upphafi til enda.

Þetta er keppni! **Ef áhugi er fyrir því er hægt að taka þátt í keppni milli bekkja og eiga þess kost að taka þátt í Bett í London eða í meistaramóti Norðulandanna á dönsku menntahátíðinni (Danmarks Læringsfestival) í Kaupmannahöfn.**

Lesið meira og skráið ykkur til leiks hér:
https://www.craft-it.dk/about-nordic-craft